

Greinargerð

með myndagjöf frá MÍR

MÍR, Menningartengsl Íslands og Ráðstjórnarríkjanna, var stofnað í marsmánuði 1950 til að vinna að gagnkvæmum kynnum og menningartengslum þjóða Íslands og þáverandi Sovétríkja. Eftir upplausn Sovétríkja á árslok 1991 var nafni félagsins breytt í Félagið MÍR og starfi þess einbeitt að tengslum við Rússneska sambandsríkið. Fjórum árum eftir stofnun MÍR var Félagið Sovétríkin-Ísland stofnað í Moskvu og markmið þess að vinna að eflingu hverskonar menningartengsla og samskipta milli þjóða Íslands og Sovétríkja og stuðla að kynningu á íslenskri menningu, bókmenntum og listum í Ráðstjórnarríkjunum. Þetta systurfélag MÍR í Moskvu var lagt niður þegar Sovétríkin liðu undir lok og hefur arftaki þess enn ekki séð dagsins ljós.

Í tilefni 25 ára afmælis Félagsins Sovétríkin-Ísland vorið 1979 ákvað félagsstjórn MÍR að senda íslenskt sýningarefni til Moskvu. Fyrir valinu varð sýning helguð Ríkarði Jónssyni myndhöggvara og verkum hans, en Ríkarður var einn af stofnendum MÍR á sínum tíma og virkur félagi síðan til æviloka. Var sýningarefnið valið í samráði við dætur listamannsins, Ásdís og Ólöfu, en þær gáfu góðfúslegt leyfi til að myndir og gripir úr safni Ríkarðs yrðu sendir til Moskvu. Hér var um að ræða 27 frummyndir Ríkarðs, blýants-, penna- og krita-teikningar, einkum andlitamyndir gerðar á yngri árum listamannsins, nokkrir smiðisgripir og 21 ljósmynd af höggmyndum, lágmyndum og útskornum munum ýmiskonar, en ljósmyndir þessar voru teknar á sínum tíma af ljósmyndurunum Vigfúsi Sigurgeirssyni og Jóni Kaldal. Stjórn MÍR fékk Vigfús til að stækka myndirnar og ganga að öðru leyti frá þeim til sýningarinnar.

Ríkarðssýningin var sett upp í svonefndu Vináttuhúsi í miðborg Moskvu og sáu hana um 5000 manns þann rúma hálfan mánuð sem hún var opin. Mikill fjöldi gesta sá einnig sýninguna, þegar hún var haldin í Alma-Ata, höfuðborg Kazakhstan, í ágústmánuði 1979. Var sýningarinnar að góðu getið í blöðum og öðrum fjölmiðlum þar ytra. Frummyndum og smiðisgripum var skilað til systranna í lok sýningar, sem og þorra ljósmyndanna. Þrjár ljósmyndir Vigfúsar Sigurgeirssonar urðu þó eftir í MÍR til minja og eru þær nú afhentar Ríkarðssafni á Djúpavogi til eignar, ásamt tveimur ljósmyndum, sem teknar voru við opnun sýningarinnar í Moskvu 1979.

Ríkarðshús

Myndatextar:

1. Frá opnun sýningar á verkum Ríkarðs Jónssonar myndhöggvara í Moskvu vorið 1979. Ræðumaður er Vladimir Andréjev, kunnur rússneskur leikari, leikstjóri og leikhússtjóri, sem bar nafnbótina þjóðlistamaður Rússlands, en hann var um árabil varaformaður Félagsins Sovétríkin-Ísland, sem vann ótúllega að auknum menningarsamskiptum þjóðanna. Aðrir á myndinni eru, taldir frá vinstri: Björgvin Guðmundsson þáverandi borgarfulltrúi, Vladimir Jakúb prófessors, túlkur sendinefndar Reykjavíkurborgar sem var í heimsókn í boði borgarstjórnar Moskvu á þessum tíma, Sigurjón Pétursson sem þá var forseti borgarstjórnar Reykjavíkur og Jón Ögmundur Þormóðsson sendiráðsritari í Moskvu.
2. Sýningargestir skoða Ríkarðssýninguna í Vináttuhúsinu í Moskvu.